



Menntaskólinn á Egilsstöðum

**Skýrsla starfshóps um innra mat
við Menntaskólann á Egilsstöðum
2016-2017**

júní 2017

Efnisyfirlit

Almennt um starfið	2
Áfangamat	2
Nemendakönnun.....	3
Foreldrakönnun	5
Könnun á viðhorfum og líðan kennara	8
SFR könnun.....	10
Lokaorð.....	11

Almennt um starfið

Á haustönn 2016 skipuðu sex starfsmenn starfshóp um innra mat Menntaskólans á Egilsstöðum (ME). Það eru Jón Ingi Sigurbjörnsson (verkefnisstjóri), Arnar Sigbjörnsson, Elín Rán Björnsdóttir, Soffía Ingvarsdóttir, Marianna Jóhannsdóttir og Viðar Örn Hafsteinsson. Jón Ingi var í veikindaleyfi framan af skólaárinu og sá Elín Rán þá um boðun funda og almennt utanumhald. Á skólaárinu voru haldnir 11 formlegir fundir auk smærri vinnufunda. 70 tímum var skilað til fjármálastjóra vegna funda og tilfallandi vinnu. Ótalin er þá vinna mannauðsstjóra við úrvinnslu kannana til kynninga fyrir kennarafundi.

Starfið byrjaði á því að setja niður áætlun til næstu ára um innra mat í skólanum. Sú áætlun er aðgengileg á heimasíðu skólans og má einnig sjá hér.

Matspáttur	H-16	V-17	H-17	V-18	H-18	V-19	H-19	V - 20	H-20
Nemendakönnun	x		x		x		x		
Könnun á viðhorfum kennara		x		x		x		x	
Foreldrakönnun		x					x		
Áfangamat	s/s		f/s			f/s			f/s
Ytra mat									
Fjarnemakönnun			x					x	
Stafsmannakönnun (SFR könnun)		x		x		x		x	
Útskrifaðir nemendur	?	?							

Áfangamat var lagt fyrir á seinni haustspönn, og nemendakönnun fyrir áramótin. Eftir áramótin var lögð fyrir foreldrakönnun, kennarakönnun og SFR könnun um stofnun ársins en sú könnun er unnin af Gallup.

Áfangamat

Áfangamatið var lagt fyrir á seinni haustspönn. Áætlun gerir ráð fyrir að það verði lagt fyrir næst á fyrri spönn haustið 2017 og svo þriðju hverju spönn eftir það. Áfangamatið hefur verið nýtt í samtölum mannauðsstjóra við starfsmenn og verður það gert áfram.

Við fyrirlögn áfangamatsins var stuðst við vefkönnunarkerfið SurveyMonkey. Tenglar á könnunina voru settir upp á Moodle, kennsluvef skólans. Niðurstöður hvers áfanga voru sendar á viðkomandi

kennara ásamt meðaltölum ef að lágmarkssvörun fékkst í áfanganum. Meðaltöl áfangamatsins má finna á heimasíðu skólans á svæði innra matsins.

Aðeins var byrjað að ræða um verklagsreglur um áfangamat og er vilji fyrir að setja slíkar reglur.

Nemendakönnun

Í nóvember 2016 var lögð fyrir könnun á líðan og viðhorfi nemenda. Allir nemendur í dagskóla áttu þess kost að svara könnuninni en póstur með SurveyMonkey könnun var sendur til 266 nemenda. 200 svör bárust eða rúmlega 75% svörun. 49,5% svarenda voru stelpur og 50,5% strákar. 54% svarenda voru yngri en 18 ára og 46% voru 18 ára eða eldri.

Í könnuninni var spurt um líðan og upplifun nemenda af námi, framtíðarsýn þeirra og viðhorf til ýmissa þátta skólastarfsins. Meðal annars var spurt um vellíðan, hamingju, sjálfsálit og kvíða. Spurningar um viðhorf til skólastarfsins snéru að viðhorfi og hollustu gagnvart skólanum, mötuneyti, heimavist. Þá voru spurningar tengdar nemendaþjónustunni. Spurt var um félagslíf, einelti, áreitni og ofbeldi. Gefinn var kostur á opnum svörum þar sem nemendur gátu komið með gagnlegar ábendingar um það sem þeim þykir jákvætt við skólann og/eða það sem þeim þykir neikvætt við skólann. Niðurstöður í heild sinni má finna á heimasíðu skólans á svæði innra matsins.

Fyrstu spurningar nemendakönnunar snéru að heimasvist og mötuneyti. Almennt eru nemendur ánægðir sem búa á heimavistinni, þó eru einhverjir ekki sáttir eða 19.23%. Í athugasemdum má sjá að óánægjan snýr að heimavistarreglunum og að þurfa að fara eftir þeim. Niðurstöður um ánægju á heimavist eru svipaðar og árið 2015. Það sama er uppi á teningnum með mötuneytið, flestir sáttir, eða tæp 76%. Þeir sem settu inn athugasemdir voru ósáttir við fisk og grænmeti, þeir vildu hafa kjöt oftar.

Margir nemenda ME vinna með námi eða tæplega 49% svarenda. Það eru örlítið fleiri nemendur en var árið 2015.

Þegar nemendur voru spurðir hversu hamingjusamir þeir teldu sig vera kom í ljós að meirihluti nemenda telja sig nokkuð hamingjusama. Þó má sjá á myndinni að of margir eru það ekki. Heldur færri setja þó inn einkunnina 4 eða neðar heldur en árið áður og eru það jákvæðar fréttir (sjá mynd neðar). Þegar betur er að gáð sést að það eru stelpur í miklum meirihluta þeirra sem telja sig vera minna hamingjusama. Þetta er í samræmi við tilfinningu nemendaþjónustunnar.

2016

	1 Mjög óhamingjusama/n	2	3	4	5	6	7	8	9	10 Mjög hamingjusama/n	Total	Weighted Average
(no label)	0.51% 1	1.52% 3	3.03% 6	4.04% 8	8.59% 17	9.09% 18	21.21% 42	25.25% 50	14.14% 28	12.63% 25	198	7.30

2015

	1 Mjög óhamingjusama/n	2	3	4	5	6	7	8	9	10 Mjög hamingjusama/n	Total	Weighted Average
(no label)	1% 2	2% 3	4% 7	8% 15	10% 20	17% 33	15% 29	17% 33	16% 32	11% 22	196	6.95

Nemendum ME líður almennt vel en ef tölur um hversu vel nemendum ME líður eru skoðaðar eftir kyni eru það stelpum sem líður verr en strákum. Nokkrir nemendur upplifa kvíða í samskiptum við

nemendur og starfsmenn en þó má sjá að þeir sem upplifa kvíða í skólanum virðast upplifa kvíða almennt.

	mjög oft	oft	stundum	sjaldan	aldrei	Total
Ég finn fyrir kvíða í samskiptum við starfsfólk skólans	5.05% 10	6.06% 12	16.16% 32	25.76% 51	46.97% 93	198
Ég finn fyrir kvíða í kringum aðra nemendur	8.08% 16	9.09% 18	18.18% 36	28.28% 56	36.36% 72	198
Ég finn fyrir kvíða í skólanum	9.60% 19	9.60% 19	24.24% 48	28.28% 56	28.28% 56	198
Ég finn fyrir kvíða utan skólans	4.57% 9	13.71% 27	25.38% 50	23.86% 47	32.49% 64	197

Nokkur spurningar snéru að nemendajónustunni en almennt er ánægja með störf hennar þó einhverjir séu ekki sáttir. Niðurstöður varðandi það hvort nemendur treysti sér til að leita til nemendajónustunnar eru mjög svipaðar árið 2015 og 2016 og þær eru almennt jákvæðar.

Fleiri hafa hugleitt að hætta í skólanum en árið áður eða 39.2% árið 2016 á móti 33% árið 2015. 3.54% svarenda hafa orðið varir við einelti á þeirri önn sem könnunin var lögð fyrir. Til samanburðar voru það 6% árið 2015 sem höfðu orðið varir við einelti. 2.53% svarenda sögðust hafa orðið fyrir einelti árið 2016.

Félagslífið í skólanum er blómlegt að vanda og þátttaka í því góð. Tæplega 29% nemenda segjast ekki hafa tíma eða áhuga á að taka þátt í félagslífinu í skólanum. Flestum þykir þó félagslífið gott og finnst nemendafélagið hafa staðið sig vel.

Nemendur eru sáttir við spannir og verkefnatíma, þó eru fleiri sem eru frekar óánægðir með verkefnatímana en með spannirnar (sjá töflu að neðan). Síðar í könnuninni var spurt hvort nemendur vildu spannir eða annir. Þar var það mjög afgerandi að nemendur vildu spannir áfram.

	mjög ánægð/ur	frekar ánægð/ur	frekar óánægð/ur	mjög óánægð/ur	Total
Spannakerfið	65.66% 130	31.31% 62	1.52% 3	1.52% 3	198
Verkefnatímana	45.73% 91	34.67% 69	12.56% 25	7.04% 14	199
Miðspannarmatið	42.71% 85	47.24% 94	8.54% 17	1.51% 3	199
Fyrirkomulag íþróttatíma í stundatöflu	28.14% 56	45.73% 91	18.59% 37	7.54% 15	199
Fjarvistakerfið	20.71% 41	45.96% 91	24.24% 48	9.09% 18	198
Lengd kennslustunda	57.07% 113	35.35% 70	6.06% 12	1.52% 3	198
Lengd friminútna	47.74% 95	44.72% 89	6.53% 13	1.01% 2	199

Nemendur tóku afstöðu til mismunandi fullyrðinga og má sjá þær í töflu hér að neðan. Greinilegt er að skoða þarf nýtingu verkefnatíma betur og finna leiðir til úrbóta en unnið er að því.

Þá tóku nemendur afstöðu til verkefnatíma milli kl. 15 og 16 en á þeim tíma finnst nemendum þeir frekast geta hitt greinakennara sína og aðra nemendur til að vinna hópaverkefni. Nemendur eiga aftur á móti erfiðara með að einbeita sér svo seint á deginum.

	Mjög oft	Oft	Sjaldan	Aldrei	Total	Weighted Average
Ég leita eftir aðstoð kennara í verkefnatíma	22.22% 44	30.81% 61	41.41% 82	5.56% 11	198	2.30
Ég nýti verkefnatíma vel	26.02% 51	41.84% 82	27.55% 54	4.59% 9	196	2.11
Kennarar geta aðstoðað mig í verkefnatímum	26.53% 52	59.69% 117	11.73% 23	2.04% 4	196	1.89
Ég get hitt greinakennara mína í verkefnatímum	29.08% 57	54.59% 107	15.31% 30	1.02% 2	196	1.88
Mér gengur vel að einbeita mér í verkefnatímum	18.78% 37	39.09% 77	30.96% 61	11.17% 22	197	2.35
Ég næ að klára verkefni mín á skólatíma	16.92% 33	36.92% 72	35.38% 69	10.77% 21	195	2.40
Ég spila tölvuleiki í verkefnatímum	2.03% 4	9.64% 19	42.13% 83	46.19% 91	197	3.32
Ég horfi á myndbönd ótengd náminu í verkefnatímum	7.61% 15	31.98% 63	43.65% 86	16.75% 33	197	2.70

Nemendur voru spurðir um hvort þeir hefðu orðið varir við breytingar námsmatsaðferðum en um 60% nemenda höfðu orðið varir við breyttar námsmatsaðferðir. Þá var spurt hvaða námsmatsaðferðir hentuðu nemendum best og flestir sögðu að blandað námsmat með mögum smærri verkefnum, helst einstaklingsverkefnum, hentuðu þeim best. Nemendur voru mjög hlynntir jafningjamati og sjálfsmati.

Nemendur eru almennt ánægðir með að hafa valið ME, líður vel í skólanum, þykir kennslan góð og eru stoltir af skólanum sínum.

Foreldrakönnun

Foreldrar nemenda í ME svöruðu könnun skólans um nám og líðan barna sinna á vordögum 2017. Könnunin er liður í innra mati og var unnin af innra matshópi skólans. Sambærileg könnun var lögð fyrir árið 2013 og hafa niðurstöður kannananna verið bornar saman. Skemmst er frá því að segja að í flestum þáttum kom fram að foreldrar telja að börnum þeirra líði betur í skólanum og þau séu ánægðari núna en þeir voru árið 2013.

Könnunin var netkönnun þar sem foreldrum var sendur tengill með tölvupósti þann 15. mars. 237 nemendur voru skráðir í dagskóla þegar könnunin var send og svör bárust frá 189 foreldrum. Flest svör bárust frá foreldrum nemenda á fyrsta ári eða 37,2% svaranna. Nokkuð jöfn skipting var á

milli hinna þriggja árganganna. Kynjahlutfall svarenda var nánast jafnt sem endurspeglar kynjaskiptingu nemenda skólans.

Í 58,7% tilfella voru það mæður sem svöruðu könnuninni en feður svöruðu í 35,4% tilfella. Í einhverjum tilvikum svöruðu báðir foreldrar saman. Gaman er að segja frá því að árið 2013 voru það mæður sem svöruðu í 77,4% tilfella svo jákvæð þróun er í kynjahlutfalli svarenda.

Fyrstu spurningarnar snéru að ímynd skólans. 99,46% svarenda voru sammála eða mjög sammála þeirri fullyrðingu að ME væri góður skóli. Þegar spurt var hvort foreldrar bæru traust til skólans svöruðu 98,88% því játandi. Það eru 3% fleiri nú en 2013.

Næstu spurningar snéru að samskiptum og viðmóti. Almennt eru foreldrar mjög ánægðir með samskipti við stjórnendur, ráðgjafa og kennara skólans, sjá mynd 1.

Samskipti og viðmót	Mjög góð	Góð	Slæm	Mjög slæm	Hef ekki haft samskipti við aðilann	Response Count
Samskipti mín við skólameistara eru	98	45	0	0	46	189
Samskipti mín við áfangastjóra eru	47	40	0	0	101	188
Samskipti mín við námsráðgjafa eru	30	39	1	0	118	188
Samskipti mín við félagsráðgjafa eru	27	30	0	0	130	187
Samskipti mín við kennara nemandans eru	34	42	2	0	109	187

Mynd 1. Samskipti og viðmót.

Þá var spurt hvort foreldrar teldu spannir henta námi nemandans. Árið 2013 voru 85% svarenda ánægðir með spannirnar á móti 98% núna.

Spurt var um verkefnatíma og hvort foreldrar teldu þá henta námi nemandans. Árið 2013 töldu 84% foreldra verkefnatímana henta sínum börnum en árið 2017 voru 96% foreldra á þeirri skoðun. Þó nokkuð af gagnlegum ábendingum bárust frá foreldrum um verkefnatímana og verða þær nýttar til að bæta tímana.

Spurt var hvort foreldrar teldu nemandann nýta verkefnatímana til náms. Nú telja 92% foreldra að börn þeirra nýti tímana samanborið við 79% árið 2013.

Spurt var um ýmsa þætti varðandi námið og hver upplifun foreldra væri varðandi námsstöðu nemandans og hvort hann stundi nám við hæfi. Niðurstöður með samanburði áranna 2013 og 2017 má sjá á mynd 2.

Námið	Mjög sammála	Mjög sammála	Sammála	Sammála	Ósammála	Ósammála	Mjög ósammála	Mjög ósammála
	2017	2013	2017	2013	2017	2013	2017	2013
Upplifun mín er að nemandinn standi sig vel í námi	41,2%	40,4%	52,4%	48,1%	6,4%	11,5%	0,0%	0,0%
Upplifun mín er að nemandinn fái nám við hæfi í skólanum	34,8%	33,0%	62,0%	57,3%	2,0%	9,7%	0,5%	0,0%
Upplifun mín er að nemandinn hafi tök á að ljúka verkefnum tengdum náminu á skólatíma	26,5%	21,0%	54,6%	51,4%	17,3%	18,1%	1,6%	9,5%
Upplifun mín er að nemandinn fái nám á sínu áhugasviði í skólanum	29,7%	22,9%	64,9%	57,1%	4,9%	19,1%	0,5%	1,0%
Upplifun mín er að nemandinn öðlist nægan undirbúning í ME fyrir frekara nám eða störf	32,4%	31,6%	63,1%	58,2%	3,9%	10,2%	0,6%	0,0%

Mynd 2. Námið

Spurt var um heimanám og töldu 71% foreldra að nemendur læri heima í þrjár klukkustundir eða meira í hverri viku. Til samanburðar má nefna að nemendur eru spurðir sömu spurningar í árlegu áfangamati. Árið 2016 töldu einungis 25,35% nemenda sig nota þrjár klukkustundir eða meira á viku til heimanáms. Eins og sjá má er þarna töluverður munur á svörum nemenda og foreldra.

Spurt var um líðan og félagslega stöðu nemenda. Það er nokkuð sem vert er að skoða betur og mun Nemendajónusta ME fara yfir niðurstöðurnar og vinna úr þeim. Streita nemenda verður skoðuð sérstaklega. Foreldrar upplifðu að nemandinn fyndi fyrir streitu í skólanum í 34,3% tilfella samanborið við 21% árið 2013. Ef niðurstöður nemendakönnunar eru bornar saman við þessar tölur gefa þær sambærilegar vísbendingar. Það er óhætt að segja að þróunin í þessum málum er ekki góð og mun það krefjast samhents átaks foreldra, skóla og heilsugæslu að koma til móts við nemendur og aðstoða þá. Mynd 3 sýnir niðurstöður kaflans um líðan og félagslega stöðu.

Líðan og félagsleg staða 2017	Mjög sammála	Sammála	Ósammála	Mjög ósammála
Upplifun mín er að nemandanum líði vel í skólanum	36,5%	55,6%	7,4%	0,5%
Upplifun mín er að nemandinn finni fyrir streitu í skólanum	7,7%	27,3%	49,7%	15,3%
Upplifun mín er að nemandinn hafi ánægju af því að vera í skólanum	30,8%	61,1%	7,6%	0,5%
Ég tel að nemandinn eigi vin/vini í skólanum	40,6%	52,9%	4,8%	1,6%
Ég tel að nemandinn taki þátt í félagslífi innan skólans	21,5%	51,1%	20,4%	7,0%
Ég tel að skólinn komi til móts við félagslegar þarfir nemandans	26,0%	62,4%	11,1%	0,6%

Mynd 3. Líðan og félagsleg staða

Spurt var um einelti í opinni spurningu og nefndu nokkrir foreldrar atvik sem höfðu komið upp. Nemendajónusta ME skoðar þau mál.

Spurt var um aðhald árin 2017 og 2013. Í ár var valmöguleikinn „á ekki við“ einnig í boði þar sem sumar spurninganna höfðuðu meira til foreldra nemenda sem eru yngri en 18 ára. Niðurstöðurnar gefa til kynna að foreldrar fylgist minna með ástundun og einkunnum barna sinna nú en áður.

2017					
Aðhald	Mjög sammála	Sammála	Ósammála	Mjög ósammála	Á ekki við
Ég fylgist með mætingu nemandans í Innu	18%	36%	16%	8%	23%
Ég fylgist með einkunnum nemandans í Innu	24%	35%	12%	6%	23%
Ég er ánægð/ur með að geta skráð veikindi nemandans undir 18 ára beint í Innu	33%	36%	3%	0%	28%
Ég fylgist með verkefnavinnu nemandans	18%	44%	15%	5%	17%
Ég er sátt/ur við reglur skólans um mætingar	37%	53%	4%	1%	5%
Miðspannarmat gagnast mér til að fylgjast með námsgengi nemandans	34%	49%	2%	2%	14%

Mynd 4 – Aðhald 2017

2013				
Aðhald	Mjög sammála	Sammála	Ósammála	Mjög ósammála
Ég fylgist með mætingu nemandans í Innu	27,5%	49,0%	9,8%	13,7%
Ég fylgist með einkunnum nemandans í Innu	34,6%	44,2%	10,6%	10,6%
Ég er sátt/ur við reglur skólans um mætingar	38,8%	54,4%	8,8%	1,0%
Miðspannarmat gagnast mér til að fylgjast með námsgengi nemandans	42,7%	50,5%	1,9%	4,9%

Mynd 5 – Aðhald 2013

Að lokum var spurt út í leiðsagnarnám í ME sem er þróunarverkefni til þriggja ára. Rúmlega 30% foreldra höfðu orðið varir við breytingar. Nokkrar góðar athugasemdir bárust sem unnið verður úr.

Margar góðar athugasemdir bárust um það sem betur má fara og fjölmörg hrós. Við erum afar ánægð með þátttöku foreldra í könnuninni og færum þeim bestu þakkir fyrir. Niðurstöðurnar munu nýtast til áframhaldandi umbóta fyrir skólann og það er að sjálfsögðu markmiðið að gera enn betur á næstu árum.

Könnun á viðhorfum og líðan kennara


Í apríl 2017 var könnun um viðhorf og líðan lögð fyrir alla kennara ME. Spurningarnar voru í samræmi við fyrri kannanir af þessu tagi með lítilsháttar breytingum milli ára. Spurt var um vinnuálag og stuðning, samskipti, líðan og starfsánægju, starfsanda, vinnuálag, upplýsingamiðlun, jafnrétti, streituvalda, vinnumat, endurmenntun, starfsþróun o.fl. Notast var við könnunarhugbúnaðinn SurveyMonkey á Netinu. 22 kennarar af 27 svöruðu könnuninni. Svarhlutfall var 81,4%. Niðurstöður voru teknar saman og kynntar á kennarafundi en niðurstöður í heild sinni má finna á svæði innra matsins á heimasíðu skólans.

Vinnuálag á spannarskilum hefur þróast í jákvæða átt frá árinu 2016, álag er minna. Almennt vinnuálag er mikið meðal kennara en kennarar eru sammála um að starfið bjóði upp á sveigjanlegan vinnutíma og fleiri telja sig frekar geta haft áhrif á ákvarðanir sem skipta máli í starfi en áður var. Að öðru leyti er vísað í töflu hér að neðan.

Vinnuálag og stuðningur	sammála 2017	Sammála 2016	frekar sammála 2017	frekar sammála 2016	frekar ósammála 2017	frekar ósammála 2016	ósammála 2017	ósammála 2016
Vinnuálagið er svo ójafnt að verkefnið hlaðast upp hjá mér	4,55%	8,33%	27,27%	41,67%	54,55%	37,50%	13,64%	12,50%
Vinnuálag á spennaskilum er of mikið	18,18%	20,83%	22,73%	50%	40,91%	25%	18,18%	4,17%
Ég hef of mikið að gera	9,09%	8,33%	54,55%	50%	22,73%	41,67%	13,64%	0%
Ég lýk vinnu dagsins á skilgreindum vinnutíma (u.þ.b. 44 klst. á viku miðað við fullt starf)	13,64%	25%	40,91%	29,17%	40,91%	29,17%	4,55%	16,67%
Starfið býður upp á sveigjanlegan vinnutíma	27,27%	33,33%	63,64%	37,50%	9,09%	25%	0%	4,17%
Starfið býður upp á krefjandi verkefni sem gaman er að glíma við	59,09%	45,83%	33,33%	50%	4,76%	4,17%	0%	0%
Ég veit nákvæmlega til hvers er ætlast af mér í vinnunni	59,09%	58,33%	36,36%	37,50%	4,55%	4,17%	0%	0%
Ég get stjórnað því hvað ég hef mikið að gera	18,18%	25%	36,36%	33,30%	36,36%	41,67%	9,09%	0%
Ég get haft áhrif á ákvarðanir sem máli skipta í starfi mínu	18,18%	16,67%	66,67%	50%	14,29%	25%	0%	8,33%
Ég er ánægð/ur með getu mína til að leysa vandamál í vinnunni	50,00%	58,33%	45,45%	41,67%	4,55%	0%	0%	0%

Spurt var um 34 þætti sem valda álagi í starfi. Verkefnayfirferð og tímaskortur eru meðal helstu álagsþátta sem kennarar nefna. Skiptingin í kennarahópnum eftir því hvort kennarar upplifa álag í vinnunni og þeirra sem upplifa það ekki er nokkuð jöfn.

Niðurstaða úr spurningum um vinnumatíð er á þá leið að fleiri eru óánægðir með innleiðingu vinnumatsins en ánægðir og er það breyting frá árinu 2016. Athygli vekur að jafnmargir voru óánægðir með vinnumatíð og þeir sem segjast ekki skilja það. 73% kennara hefur ekki sett sig almennilega inn í vinnumatíð miðað við niðurstöður könnunarinnar.



Samkvæmt könnuninni er endurmenntun kennara með svipuðu sniði og verið hefur.

Kennarar virðast almennt ánægðir með innleiðingu leiðsagnarnáms í skólanum. Varðandi umsjónarkerfið (umsjónartímar voru lagðir niður) virðist kennurum það hafa dregið úr álagi. Kennarar koma ábendingum um nemendur til nemendapjónustu ef ástæða er til en meirihluta kennara þykja breytingarnar ekki vera til hagsbóta fyrir nemendur.

Flestum kennurum virðist líða vel og segja samskipti sín á milli góð.

Almennt líður kennurum vel í vinnunni og langflestir hafa hugsað sér að vinna áfram við kennslu í ME.

Varðandi upplýsingamiðlun og -flæði þá er þróunin jákvæð. Fleiri upplifa að þeir séu hafðir með í ráðum og eru sáttir við upplýsingagjöf. Kennarar eru almennt ánægðir og ánægðari en árið áður með upplýsingamiðlun og -flæði innan skólans.

Jafnréttismálin hafa áfram þróast í jákvæða átt en fleiri mættu kynna sér jafnréttisstefnu skólans.

Varðandi þá hvatningu sem kennarar fá má segja að jákvæð þróun hefur átt sér stað á milli ára og allir virðast fá hvatningu úr einhverri átt.

Á heildina litið virðast kennarar ME vera ánægðir í starfi. Þeir telja sig ná til nemenda sinna og eiga í góðum samskiptum við þá. Kennarar líta skólabraginn jákvæðum augum.

Einhverjir kennarar kvíða því að mæta í vinnuna en eins og í flestum öðrum þáttum sem spurt var um eru þó jákvæð teikn á lofti þar. Færri kvíða því að mæta vinnuna núna en árið 2016.

Almenn ánægja er með vinnuaðstöðu kennara. Fram kom óánægja með salernisaðstöðu starfsmanna og unnið er að breytingum þar.


Í heildina má segja að starfsandinn er góður, vinnuaðstaða góð og kennarar ánægðir í starfi. Álag er sýnilega mest á spennarskilum en hefur þó minnkað milli ára.

SFR könnun

ME var þátttakandi í SFR könnuninni, stofnun ársins, eins og síðustu ár. Mannauðsstjóri sendi starfsmannalista með netföngum til Gallup sem gerir þá könnun. Gallup hefur ekki sent könnunina á pappír síðustu 2 ár og því gengið erfiðlega að fá þá starfsmenn sem ekki nota tölvu til að svara henni. Þetta hefur auðvitað áhrif á svarhlutfall og niðurstöður. 40 starfsmenn fengu sendan link í tölvupósti til að svara, þeir sem ekki notfæra sér tölvupóst fengu sent sms með kóða til að svara á heimasíðu. 31 starfsmaður svaraði og var því svarhlutfall 78%

Almennt eru niðurstöður jákvæðar. Bæting var milli ára í öllum flokkum (sjá mynd).

Helstu niðurstöður - þættir og breytingar frá mælingu síðasta árs




Tölur í sviga sýna mun á meðaltali stofnunar nú frá meðaltali mælingar síðasta árs.

GALLUP®

Niðurstöður sem við fengum voru bæði samanburður við stofnanir af sömu stærðargráðu, samanburður við aðra framhalds- og háskóla auk samanburðar við allar stofnanir ríkisins.

Næsta mynd sýnir samanburð í öllum yfirflokkum við aðra framhalds- og háskóla ásamt öllum stofnunum. Í slíkum samanburði kemur ME vel út.

Helstu niðurstöður - Samanburður þátta við allar stofnanir og stofnanir í sama flokki



GALLUP'

Miðað við niðurstöður þessarar könnunar þarf að vinna í því að minnka streitu starfsmanna og vinna áfram að bættum starfskilyrðum og samskiptum starfsmanna. Starfsmenn ME mælast með mikla streitu og mikið álag í vinnu.

Á heildina litið kom SFR könnunin vel út. ME var í 27. sæti yfir allar stofnanir í landinu og í 11. sæti yfir stofnanir af sömu stærðargráðu. Þá var ME fimmti mesti hástökkvarinn þetta árið. Heildar niðurstöður má finna á heimasíðunni á svæði innramatsins.

Lokaorð

Að lokum þakkar verkefnahópur innra mats nemendum, kennurum og stjórnendum samstarfið á skólaárinu.

Skýrsluhöfundar:

Elín Rán Björnsdóttir

Maríanna Jóhannsdóttir